

Ályktun um orkumál

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori haldið á Ísafirði 6. apríl 2022 fagnar tillögum starfshóps umhverfis-, orku og loftslagsráðherra um raforkumál á Vestfjörðum sem kynntar voru á málþingi um orkumál í Edinborgarhúsinu fyrr í dag.

Sveitarfélög á Vestfjörðum vænta þess að stjórnvöld hrindi tillögum starfshópsins í framkvæmd samkvæmt þeim tímaáætlunum sem starfshópurinn leggur til. Jafnframt vill Fjórðungsþing hvetja til aukinnar framleiðslu raforku á Vestfjörðum til að tryggja orkuskipti og samkeppnishæfni svæðisins til búsetu og atvinnustarfsemi.

Greinargerð:

Orkuvandi Vestfirðinga felst í að hafa hvorki tryggt aðgengi né öryggi í afhendingu á raforku og eins í litlu mæli aðgengi að jarðhita. Um helmingur raforku sem notuð er á Vestfjörðum er framleidd í fjórðungnum, en önnur orka er aðkeypt og er flutt af meginflutningskerfinu með einni langri flutningslínu sem liggur víða um illviðrasamt hálendi. Slíkt orkukerfi er áhættusamt í rekstri og hafa Vestfirðir um áratuga skeið skorið sig úr í samanburði við aðra landhluta hvað varða mun hærri bilanatíðni.

Lausnir stjórnvalda til að tryggja afhendingaröryggi hafa falist í að byggja upp varaafli í formi orkuframleiðslu með díselvélum og olíukyntum fjarvarmaveitum og eins hefur verið unnið að styrkingu flutningskerfis innan einstaka atvinnusvæða. Varaafli og bætt flutningskerfi tryggir forgangorku fyrir daglega starfsemi og hitun húsnæðis en tryggir ekki orkuþörf framleiðslufyrirtækja. Eins má geta þess að heimili á Vestfjörðum eru að meginhluta kynt með raforku, ýmist beint eða með rafkyntri fjarvarmaveitu og er raforkunotkun þeirra 7 föld á við það sem heimili sem hafa aðgang að jarðvarma s.s. á höfuðborgarsvæðinu. Þessi staða hefur verið um árábil og skekk samkeppnisstöðu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum við aðra landshluta. Að óbreyttu mun þessi staða einnig koma í veg fyrir að landshlutinn geti tekið þátt í orkuskiptum.

Hér er um flókið úrlausnarefni að ræða. Á undanförunum áratugum hefur verið talið hagkvæmara að byggja stórar virkjanir á miðhálendi Íslands en að nýta smærri virkjanakosti sem eru fyrir hendi á Vestfjörðum en slíkt virkar ekki, ef flutningkerfið er jafn ótryggt sem raun ber vitni. Nú þegar orkuskipti koma til viðbótar þá er orkukerfi sem treysta verður á jarðefnaeldsneyti ekki sjálfbært og í beinni andstöðu við stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum.

Alþingi, stjórnvöld sem og aðilar orkukerfisins í landinu hafa á síðustu árum lýst auknum skilningi á stöðu Vestfjarða og vilja til að koma orkumálum landshlutans úr þeirri pattstöðu sem hann er í með afgerandi hætti.